

Elliðaár 2010
Rannsóknir á fiskistofnum vatnakerfisins

Þórólfur Antonsson
Friðþjófur Árnason

Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur



Veiðimálastofnun

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Aðferðir	4
3. Niðurstöður	5
3.1 Seiðabúskapur.....	5
3.2 Gönguseiðin 2010	6
3.3 Stofnstærð gönguseiða 2009, endurheimtur og veiðiálag 2010	7
3.4 Stangveiði.....	7
3.5 Aldurssamsetning laxins út frá hreistri	8
3.6 Elliðavatn.....	8
3.7 Ganga fisks um teljara	9
3.8 Hitafar 2009-2010	10
4. Umræða	10
4.1 Elliðaár.....	10
4.2 Elliðavatn.....	11
5. Þakkarorð	12
6. Heimildir og ritaskrá	13
7. Töflur	16
8. Myndir	23

1. Inngangur

Vöktun á mörgum þáttum í lífsferli lax, bleikju og urriða í vatnakerfi Elliðaáa hefur staðið samfelld frá árinu 1988. Eftirfarandi þættir hafa verið rannsakaðir árlega:

- Rafveiðar á hverju hausti til að meta þéttleika seiðaárganga, vöxt þeirra og viðgang. Einnig fást þá upplýsingar um hlutfall lax og urriða á ýmsum svæðum í ánum t.d. í Hólmsá og Suðurá þar sem laxaseiðum fækkaði í mörg ár en nú að fjölga aftur.
- Veiða og merkja gönguseiði. Það veitir upplýsingar um göngutíma laxaseiðanna og við hvaða aðstæður þau ganga. Einnig stærð, þyngd og holdafar. Með sýnatöku úr hópnum fæst aldursdreifing og kynjahlutfall.
- Í stangveiðinni ári síðar er leitað merkja. Með hlutfalli merktra og ómerktra laxa í veiðinni er hægt að reikna út gönguseiðafjöldann sem gekk út árinu áður. Fjöldi og heildþyngd gönguseiða er mat á lokaframleiðslu árinna af laxi.
- Merking gönguseiðanna veitir líka upplýsingar um endurheimtur þ.e. hve stórt hlutfall gönguseiðanna skilar sér aftur úr hafi (mat á dánartölu).
- Þar sem gönguseiðin eru einstaklingsmerkt gefa merkingarnar líka upplýsingar um hvaða þættir hafa áhrif á endurheimtur úr hafi, (stærð seiði, aldur, holdafar og göngutími – sjá nýbirta grein Þórólfur Antonsson o.fl. 2010).
- Tekin hafa verið sýni af smádyrum í Elliðaám á haustin. Þetta gefur upplýsingar um tegundasamsetningu og samfélög smádyra og nokkurt mat á magn fæðudýra fyrir fisk.
- Talning á göngufiski hefur verið framkvæmd frá 1935 en með rafrænum teljara (Vaka-teljari) frá 1994 í Elliðaám. Með því er hægt að greina á milli stórlax, smálax og silungs og vita fjölda hvers um sig. Teljararnir gefa líka upplýsingar um göngutíma innan sólarhrings og yfir sumarið. Nú hefur myndavélateljari verið starfræktur síðustu ár sem gefur enn fyllri upplýsingar.
- Teljarar veita einnig upplýsingar um, ásamt veiðitölum, stærð hrygningarstofnsins í ánni eftir veiðitíma og veiðihlutfalli úr stofnunum.
- Góð skráning veiðinnar er því mjög mikilvæg s.s. tegund, lengd, þyngd, kyn, veiðistaður og veiðidagur.
- Hreistursýni hafa verið tekin til að meta ferskvatns- og sjávaraldur lax sem til baka gengur og einnig til að meta vöxt í sjó bæði á fyrsta og öðru ári þar.
- Hitafar árinna hefur verið skráð með mælingum á 1-4 klst. fresti, fyrst á sumrin en er nú gert árið um kring. Auk þess hefur hitastig og rennsli verið mælt yfir mun lengri tíma af Veðurstofu Íslands (Vatnamælingum).
- Ljósælir var staðsettur á botni árinna við gönguseiðagildrunar um nokkurra ára bil til að fá samhengi birtustigs og seiðagöngu.
- Til viðbótar hafa síðan tengst þessum rannsóknum verkefni námsmann við Háskóla Íslands og annarra rannsóknastofnana og birst úr því fræðigreinar.
- Rannsóknir í Elliðavatni hafa beinst að þróun á stofnstærð urriða og bleikju.
- Árlega eru tekin sýni til að greina aldursdreifingu, lengdardreifingu, kynþroska, fæðu, sníkjudýr og holdastuðul bæði urriða og bleikju í vatninu.
- Sérstakar rannsóknir hafa farið fram á nýrnaveiki og PKD-sýki í silungi í Elliðavatni og laxa- og urriðaseiðum í Elliðaám, í samvinnu við fisksjúkdómadeild Keldna.

Niðurstöðurnar úr þessum rannsóknum hafa haft bæði hagnýtt og fræðilegt gildi. Strax um þremur árum eftir að rannsóknir Veiðimálastofnunar hófust var bent á í skýrslu frá stofnuninni að mjög margar hættur steðjuðu að Elliðaánum, sem flestar mætti rekja til mannlegra athafna (Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1992). Ekki var rokið upp til handa og fóta til úrbóta þá þegar, en eftir mikla niðurdýfu laxastofnsins 1997 fóru ýmsir hlutir að gerast. Ekki síst var það fyrir framgöngu starfshóps um Elliðaárnar sem setti fram tillögur að úrbótum byggðar á niðurstöðum rannsókna. Þar komu saman fulltrúar frá OR, Reykjavíkurborg, Veiðimálastofnun, SVFR og starfsmönnum við árnar. Sem dæmi um þetta má hér nefna:

- Samþykkt borgarstjórnar og stjórnar OR um að lífríki Elliðaáa skyldu njóta vafans um áhrif framkvæmda og rekstur virkjunar í ánum.
- Settjarnir voru settar upp til að taka við ofanvatni af götum og iðnaðarhverfum sem áður rann óhindrað út í árnar.
- Mildaðar voru rennissveiflur úr Elliðavatni vegna raforkuframleiðslu.
- Hámark sett á niðurdrátt Elliðavatns (30cm).
- Skilyrði sett um stöðugt vatnsrennsli í báðum kvíslum n.v. Árbæjarstíflu – lágmarksrennsli ákvarðað.
- Betri umgengni fyrirtækja á ósasvæðinu.
- Setning strangari kvóta í stangveiðinni – tveir laxar á hálf dagsstöng á dag.
- Flutningur laxa upp í árnar fyrir ofan Elliðavatn en þar vantaði hrygningu.
- Varað við frekari byggingum nálægt ánum (t.d. slökkvistöð, hesthúsahverfi, fótboltavellir).
- Umsagnir um margvíslegar framkvæmdir sem færðar hafa verið til betri vegar.
- Upplýsingagiöf til Reykjavíkur vegna ýmissa þátta, s.s. vegna umsóknar um „Græna borg Evrópu“ þar sem Elliðaárnar skiptu miklu máli og þá sérstaklega endurheimt búsvæða.
- Raforkuframleiðslu hætt í Elliðaám vorið 2010.

Nú er svo komið að laxastofninn hefur verulega rétt úr kútnum og öllum seiðasleppingum hefur verið hætt í ánum þannig að stofninn sér orðið um endurnýjun sína sjálfur. Seiðapöttleiki hefur aukist þar sem hann var orðinn mjög lítill eins og í Hólmsá og Suðurá. Endurheimt búsvæða í Vesturkvísl og hluta Austurkvíslar hefur tekist mjög vel og þar er seiðapöttleiki orðinn sambærilegur og í öðrum hlutum vatnakerfisins (sjá Þórólfur Antonsson og Friðþjófur Árnason 2011).

Hvað fræðilegt starf snertir hafa rannsóknirnar í Elliðaám varpað ljósi á marga þætti í lífsferli og lífsháttum þessara þriggja laxfiskategunda. Hefur mörgu af því verið komið til skila í birtum greinum í ritrýndum vísindaritum, innlendum fræðigreinum, blaða- og tímaritsgreinum og einnig í fyrirlestraformi. Verður dregið á nokkur dæmi um það hér.

Nú er ljóst hvernig gönguhegðun laxaseiða er sem eru að fara til sjávar, tímasetning þeirrar göngu bæði innan dags og innan árs og jafnframt hvað örvar seiðin til niðurgöngu (Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 2002b). Tekin eru sýni af hluta gönguseiðanna og við það fást upplýsingar um stærð þeirra, aldur og holdafar. Seiðin eru einstaklingsmerkt sem gefur möguleika að kanna með hvaða hætti þessir þættir hafa áhrif á endurheimtur seiðanna úr hafi og nýlega birtist grein um það efni (Þórólfur Antonsson o.fl. 2010). Birst hafa niðurstöður um samhengi stofnstærðar laxins og veiðihlutfalls úr stofninum yfir langt tímabil (Sigurður Guðjónsson o.fl. 1996) og einnig samhengi stofnstærðar lax, veiðihlutfalls og fjölda stangardaga í Elliðaám (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 2008). Þá hefur smáseiðunum í ánni verið gerð skil í samanburði við aðrar ár á landinu (Þórólfur Antonsson o.fl. 2005) og gerð úttekt á áreiðanleika seiðamatsins þar sem m.a. Elliðaár lágu til grundvallar (Friðþjófur Árnason o.fl. 2005). Svo kallað botngerðarmat í straumvötnum hérlendis var fyrst þróað í Elliðaám og hefur síðan verið yfirfært á aðrar ár með góðum árangri (Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1998;

Þórólfur Antonsson o.fl. 1998). Hvað Elliðavatn snertir hafa birst greinar um hugsanleg tengsl hækkandi hitastigs og fækkun bleikjunnar (Hilmar Malmquist o.fl. 2009) og einnig um fund á nýjum nýrnasjúkdómi hérlendis þ.e. PKD-sýki (Árni Kristmundsson o.fl. 2010). Starfsmenn Veiðimálastofnunar hafa unnið eða tengst öllum þessum rannsóknum og eru þó hér aðeins nefndar þær helstu.

Þar sem nú blikur á lofti í þessum rannsóknum og tilhögun þeirra, er hér notað tækifærið og Orkuveitu Reykjavíkur þakkað fyrir að hafa staðið straum af þessum rannsóknum yfir þetta langa árabíl. Orkuveitan hefur nýtt vatnsafl ána og tekið neysluvatn af vatnasviðinu u.þ.b. síðastliðna öld. Einnig hefur hún farið með veiðiréttinn í ánum og því haft alla umsýslu með Elliðaám og borið skyldur samkvæmt því. Miðað við það að árnar renna um mikið þéttbýli og hafa verið nýttar til raforkuframleiðslu og vatnstekju, verður að teljast að nokkuð vel hafi til tekist við að verja lífríki ána. Ekki er þó hægt að líta svo á að því sé einhvern tíman lokið heldur er það viðvarandi verkefni.

2. Aðferðir

Áður hefur framkvæmd og aðferðum verið lýst og vísast í fyrri skýrslur þar um (Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1989, 1991 og 1995).

Vorið 2010 var seiðagildran starfrækt í Elliðaánum frá 11. maí til 4. júní. Farið var í vitjun tvisvar sinnum á sólarhring yfir hágöngutímann og oftast ef þurfa þótti, en þar sem rannsóknirnar hafa gefið ábyggilegar niðurstöður um sjávargöngur seiða innan sólarhrings, voru tvær vitjanir taldar fullnægjandi.

Seiðabúskapur í Elliðaánum hefur verið kannaður með rafveiðum á hverju hausti frá 1987 og hefur vanalega farið fram í síðari hluta september. Árið 2008 var mikið votviðri síðari hluta ágúst og langt fram á haust. Tókst því ekki að mæla seiðapétteleika eins nákvæmlega og önnur ár. Haustið 2010 var rafveitt í Suðurá og Hólmsá þ. 6. september og 7.-8. september í Elliðaánum sjálfum en þar með eru kaflarnir í V-kvísl og A-kvísl, sem við bættust eftir árið 2000, taldir með.

Með reglulegu millibili frá júlí til október voru tekin sýni af nokkrum laxa- og urriðaseiðum í ánum neðan við Elliðavatn til þess að kanna tíðni PKD- sýki í þeim, en rannsóknir hafa farið fram á þeim sjúkdómi í samstarfi við fisksjúkdómadeild Keldna (Árni Kristmundsson ofl. 2010).

Í Elliðavatni var gögnum safnað 27. - 28. september 2010, en það var gert með hefðbundinni lögn á tveimur netaröðum með möskvastærðum frá 12 – 50 mm á legg og sýnataka með hefðbundnum hætti eins og áður hefur verið lýst.

Við greiningu á hreistrunum af laxi úr Elliðaám voru teknar myndir af plastafsteypum af hreistrunum og myndirnar greindar af tölvuskjá. Við það fæst, auk aldurs, bakreiknuð vaxtarsaga hvers fisks, þ.e. hve hann var stór við ákveðinn aldur allt aftur á seiðastig.

Síðustu tvö haust hefur enginn lax verið tekinn í klak. Helgast það af því að nýrnaveiki hafði fundist í stærstum hluta klaklaxins frá árinu 2006 og því ekki talið réttlætlegt að safna laxi og þurfa síðan að eyða hrognum undan honum engum til gagns. Betra væri að laxinn hrygndi í árnar, en nýrnaveiki hefur mun minni áhrif á lax í náttúrunni en hún gerir í eldiskerjum. Laxar sem teknir voru neðan við Árbæjarstíflu, þegar byrjað var að safna vatni í Árbæjarlónið, voru færðir upp í Hólmsá til hrygningar þar. Á liðnu hausti voru það 56 hrygnur og 32 hængar sem er það mesta sem flutt hefur verið „handvirkt“ upp fyrir Elliðavatn. Ræðst fjöldi fiska fyrst og fremst af því hve mikið af laxi lokast af í hyljum rétt neðan Árbæjarstíflu þegar henni er lokað.

3. Niðurstöður


3.1. Seiðabúskapur

Veitt var á fjórum stöðvum í Elliðaánum, tveimur stöðvum í Hólmsá og tveimur í Suðurá á hefðbundnum stöðum (1. mynd) en auk þess voru veiddar tvær stöðvar í V-kvísl og ein í A-kvísl á þeim svæðum sem fyrir árið 2000 voru þurr hluta úr ári en hefur verið stöðugt rennsli á eftir aldamót.

Á hefðbundnu stöðvunum átta í Elliðaám, Suðurá og Hólmsá var þéttleiki vorgamalla laxaseiða 19,1 seiði á hverja 100m² botnflatar. Þéttleiki 1 árs seiða var 18,1 seiði/100m², hjá 2 ára 3,3 seiði og vottur af 3 ára seiðum á hverja 100m² (2. mynd; tafla 1). Yngri árgangarnir (0⁺ og 1⁺) voru yfir meðaltali tímabilsins 1987-2010 og þá sérstaklega eins árs seiðin (tafla 2). Meðalengd vorgömlu seiðanna var aðeins yfir langtíma meðaltali en aðrir árgangar nálægt meðaltali (tafla 3).

Birtar eru meðalþyngdir (tafla 4) og lífþyngd (tafla 5) allra árganga frá upphafi mælinga. Þegar lífþyngd seiða á hverja 100 fermetra botnflatar er skoðuð yfir lengra tímabil eru tvö síðustu ár með lífþyngd nálægt hámarki ef frá eru talin árin 1987-1988 sem hafa algera sérstöðu. Því var seiðabúskapur betri nú en í langan tíma þó svo að lífmassinn liggi meira í yngri seiðum síðari hluta tímabilsins miðað við fyrri hluta tímabilsins.

Seiðamælingarnar hafa verið teknar saman m.t.t. meðalengdar og þéttleika seiða í Hólmsá og Suðurá sérstaklega (tafla 1 og 6) og fyrir Elliðaár neðan



Elliðavatns sérstaklega (tafla 1 og 7). Þar sést að vöxtur er verulega betri neðan vatns heldur en ofan og bent skal á að þéttleiki allra árganga er mun meiri neðan Elliðavatns en sú þróun varð áberandi um og eftir 1996 eða um það leyti sem veiði minnkar í Elliðaám. Orðin var því sem næst ördeyða hvað laxaseiði snerti í efri ánum árið 2007 en ekki tókst að meta seiðabéttleika árið 2008 svo nægilega marktækt væri vegna vatnavaxta, en þegar mat fór fram á árinu 2009 hafði orðið breyting til batnaðar og enn frekar 2010 (sjá töflu 6). Urriðaseiði hafa á hinn bóginn haldið vel sínum hlut, hvað seiðabéttleika áhrærir, í Suðurá og Hólmsá.

Þegar seiðabúskapur var kannaður á stöðvunum í V-kvíslinni og við Ullarfoss þ.e. stöðvar 9-11 kom í ljós að laxaseiði eru þar í góðu ásigkomulagi, bæði hvað þéttleika og vöxt varðar en lengdardreifing þeirra er sýnd á 3. mynd. Það er ánægjulegt að þessir árhltar sem fóru áður á þurrt yfir veturinn og þar með þrifust þar engin seiði, skuli nú skila umtalsverðri seiðaframleiðslu.

3.2. Gönguseiðin 2010

Gönguseiðagildran var sett niður þann 11. maí og starfrækt til 4. júní. Að þessu sinni veiddust 1250 laxaseiði í gildruna en af þeim voru 1164 merkt með örmerkjum og sleppt áfram en 86 tekin í sýni. Þegar skoðuð er þróun í fjölda gönguseiða sem kom í gildruna (4. mynd) og borið saman við hitastig (5. mynd) og vatnsrennsli (6. mynd) sést að nokkuð hlýtt er orðið þegar gildra er sett niður (árnar í 11-12°C) og þá fara seiði strax að ganga niður. Á ellefta til tólfta degi hlýnar enn frekar og þá kemur hæsti toppurinn í gönguna eða um 200 seiði þann daginn (11. dag frá niðursetningu gildru). Síðan dregur eðlilega úr göngunni líklega vegna þess að megnið er gengið af seiðunum. Vatnshæðin lækkar nokkuð eftir að megingangan er farin hjá, en það er einungis niðurdráttur um 1,5-2,0 cm. Mikill meiri hluti seiðanna gekk niður að nóttu til (7. mynd) eins og endranær.

Lengd seiðanna sem merkt voru var frá 10,0 – 18,0 cm en meðallengd 12,7 cm (8. mynd). Af þeim 86 seiðum sem aldursgreind voru, reyndust þau eingöngu vera af tveimur árgöngum þ.e. 74 þeirra voru 2 ára (86,1%) en 12 voru 3 ára (13,9%) (tafla 8). Þetta er óvenjulegt og einnig er þetta lægsti meðalaldur gönguseiða frá upphafi rannsókna.

Nokkur breytileiki hefur verið í meðallengd gönguseiða árabilið frá 1988 til 2010 (9. mynd). Aldur seiðanna var lágur árið 2010 eins og fyrr sagði og megin uppstaðan tveggja ára seiði (10. mynd). Bent hefur verið á að það að fara í göngubúning og halda til sjávar er mun fremur háð lengdinni á seiðunum heldur en hve gömul þau eru (Bohlin et al. 1996). Það sést glögg, þar sem bæði meðalaldur og meðallengd yfir lengra tímabil eru sett inn á sömu myndina (11. mynd).

3.3. Stofnstærð gönguseiða 2009, endurheimtur og veiðiálag 2010

Við mat á fjölda genginna laxa árið 2010 var farið yfir myndir úr teljara og skráð skipting í lax og urriða og hve margir laxar voru uggaklipptir. Upplýsingarnar voru notar til að reikna út stofnstærð gönguseiða frá árinu 2009, endurheimtur úr hafi og veiðiálagi lax árið 2010. Nú var eingöngu um náttúrulega laxa að ræða en enga úr gönguseiðasleppingum. Niðurstöður urðu sem hér segir:

Fjöldi smálaxa sem gekk í teljar 2010	2.043
Fjöldi stórlaxa sem gekk í teljar 2010	124
Fjöldi veiddra laxa neðan teljara	329
<hr/>	
Heildarganga lax 2010	2.496
Samkvæmt myndvélateljara voru merktir laxar	110
Þar af voru 1 árs laxar merktir	103
Heildarganga smálaxa var því	2.353
Fjöldi landaðra laxa var	863
Veiðihlutfall var því	<u>34,6%</u>
Sumarið 2009 voru gönguseiði merkt í gildru alls	775
Endurheimtuhlutfall var	<u>13,3%</u>
Fjöldi gönguseiða sem gekk út 2009 er metinn	
$775 \cdot 2043 / 103 =$	<u>15.372</u>
Urriðar sem gengu í teljara 2010 voru	315

Hér eru góð tíðindi þar sem nú er eingöngu um náttúrulegan lax að ræða því engu var sleppt af gönguseiðum og stofninn er því sjálfbær að því leytinu til og heildargangan komin upp í 2.496 laxa. Veiðihlutfall hefur einnig lækkað frá fyrri árum og var 34,6% á síðasta sumri. Endurheimtuhlutfall úr sjó er hátt og er það þriðja árið í röð sem þannig háttar til. Fjöldi gönguseiða sem út gekk árið 2008 er metinn lágur, þegar borið er saman við fyrri ár (tafla 15).

3.4. Stangveiði

Sumarið 2010 veiddust 1.164 laxar í Elliðaánum (Guðni Guðbergsson í handriti), en af þeim var 301 sleppt aftur eða 25,9% þannig að landaður afli var 863 laxar. Er því líklegt að veiðikvótinn sé farinn að hafa þau áhrif að meiru sé sleppt hlutfallslega, eftir því sem stofninn stærri þ.e. þá veiðist meira fram yfir leyfilegan kvóta.

Samkvæmt veiðibók hafði meiri hluti veiddra laxa dvalið 1 ár í sjó eða 1.124 laxar (meðalþyngd 2,4 kg) en 40 höfðu dvalið tvö ár í sjó (meðalþyngd 4,2 kg) eða voru að koma í annað sinn til hrygningar. Í veiðinni reyndust hængar vera 497 á móti 667 hrygnum. Veiðin var vel dreifð um alla ána en þrír veiðistaður voru með veiði yfir 100 löxum þ.e. nr. 10 gaf 189 laxa; nr. 38 gaf 180 laxa og nr. 41 gaf 112 laxa veiði (12. mynd).

3.5. Aldurssamsetning laxins út frá hreistri

Alls voru skoðuð 180 hreistursýni úr laxveiðinni 2010 í Elliðaám. Hluti af þeim voru ólæsileg en niðurstöður eru byggðar á 166 sýnum af náttúrulegum fiski. Hreistursýnin sýndu að 3,8% höfðu dvalið eitt ár í ánni áður en til sjávar var haldið, 56,7% tvö ár; 38,9% þrjú ár og 0,6% fjögur ár í ánni áður en til sjávar var haldið (tafla 9). Borin var saman aldur seiða sem gengu út 2009 eins og hann var metinn úr sýnum af gönguseiðunum sjálfum og síðan aftur eins og hann var metinn í hreistri af 1 árs laxi veiddum 2010 (tafla 10 og 13. mynd). Nokkuð gott samræmi er þar á milli en þó eru það þriggja ára seiðin sem helst auka hlut sinn þ.e. virðast endurheimtast betur úr sjó en aðrir aldurshópar.

Veiðinni var einnig skipt upp í klakárganga (tafla 11) út frá niðurstöðum hreisturlestrar. Klakárgangur 2004 var 0,6%, klakár 2005 var 1,8%; klakár 2006 38,2%; klakár 2007 var 55,8% og frá klakári 2008 voru 3,6% laxins.

3.6. Elliðavatn

Lagðar voru tvær netaraðir í Elliðavatn haustið 2010 eins og gert hefur verið á hverju hausti um langt árabil. Í þær veiddust alls 21 bleikjur, 259 urriðar og tveir laxar (tafla 12). Hlutfall bleikju var því 7,8% og urriða 92,2% (14. mynd). Að undanskildu árinu 2009 hefur hlutfall bleikju í tilraunaveiðunum verið innan við 10% frá árinu 2004 og farið ört minnkandi frá árinu 1987 þegar hlutfall hennar var um 55%. Einnig var tekin saman þróun meðallengdar þriggja ára bleikju og jafnaldra urriða yfir tímabilið 1988-2010 (15. mynd) og sést sú tilheinging að vöxtur hefur heldur aukist með árunum og bleikja er alltaf heldur stærri en jafnaldra urriði. Heldur virðist þó draga úr þessari vaxtaraukningu og síðustu árin hefur meðallengd bleikju verið svipuð. Hafa ber þó í huga að fáir fiskar eru á bak við meðaltölin hjá bleikjunni í seinni tíð.

Möskvastærðir í netaröðunum eru þannig samansettar að þær eiga að taka jafnt úr stofninum frá u.þ.b. 18 cm löngum fiski og upp úr. Einu aukaneti er bætt við þ.e. 12 mm möskvastærð en þess í stað sleppt 60 mm netum þar sem þau hafa helst veitt fullorðinn lax. Þegar lengdardreifing urriðans í Elliðavatni er skoðuð sést að mestur fjöldi fiska er á milli 18-30 cm (16. mynd) og er það mest 2-4 ára fiskur (tafla 13 og 17. mynd). Lengdar- þyngdar samband urriðans var reiknað út og jafna línunnar birt í töflu 14.

Bleikjurnar sem veiddust í netaraðirnar tvær voru jafndreifðar yfir lengdarbilið 22-36 cm. Yfirleitt myndar slík lendardreifing normalkúrfu en þar sem fiskarnir eru svo fáir en eru jafnframt af nokkrum árgöngum verður lengdardreifingin svona flöt (18. mynd). Svipaða sögu er að segja af aldursdreifingunni sem spannar frá 2-6 ár (19. mynd). Engin eins árs bleikja veiddist að þessu sinni en oftast hefur orðið vart við eitthvað af henni. Meðallengd og meðalþyngd aldurshópa bleikjunnar er gefinn í töflu 13. Lengdar- þyngdarsamband bleikjunnar var reiknað út og birt í töflu 14 en b-stuðullinn gefur upplýsingar um holdafar fiskanna í stofninum.

Megnið af bleikjunni var ókynþroska (20. mynd) þ.e. á kynþroskastigi 1-2 og sama má segja um urriðann (21. mynd) en þó voru kynþroska fiskar innan um hjá báðum tegundum.

3.7. Ganga fisks um teljara

Sumarið 2010 gengu upp um teljarann 2.167 laxar, þá er búið að draga frá þá sem gengu niður teljarann aftur. Til þess að fá út heildargöngu laxins bætast við þeir sem veiddir voru neðan teljarans eða 329 laxar og þá verður heildargangan í árnar 2.496 laxar. Síðustu tvö ár hefur engum gönguseiðum verið sleppt í árnar og því voru þetta eingöngu laxar af náttúrulegu uppedli í ánni. Silungur var talinn upp ána á sama máta og lax með teljaranum. Með tilkomu myndavélateljara er nú nákvæmari greining milli lax og urriða. Alls gengu 427 urriðar upp teljara en 119 niður aftur og því var heildargangan upp 315 urriðar sem að mestu er sjóbirtingur.

Lengd fiska er áætluð út frá hæð þeirra eins og hún mælist í teljaranum. Það getur verið breytilegt milli ára og staða hver hlutföllin eru milli hæðar og lengdar og þarf að leiðrétta fyrir þeim út frá lengdardreifingu í veiði hverju sinni, en að þessu sinni var hæð*6,0=lengd. Samkvæmt því voru smálaxarnir 2.043 og stórlaxarnir 124 sem um teljarann fóru (22. mynd). Mest af urriðanum var frá 20-60 cm að lengd, en svolítið af honum var stærri eða í kringum 70 cm og allt upp í 84 cm (23. mynd). Töluverð skörun er því á milli lengdar lax og urriða sem sést þegar 22. og 23. mynd eru bornar saman. Teljarinn gefur einnig upplýsingar um göngu eftir tíma dags og þá kom fram svipað mynstur fyrir smálax og stórlax (24. mynd) og urriða (25. mynd). Þar sést að mestu göngur eru um miðnætti en hjá báðum tegundum kemur aðeins aukning yfir daginn síðdegis um kl 14-17 en heldur síðar hjá urriða heldur en laxi. Þegar ganga laxins er skoðuð eftir tíma sumars sést að gangan hefst af krafti í lok júní og nær hæstum hæðum um og eftir mánaðarmótin júní/júlí (26. mynd). Töluvert er að ganga af laxi fram eftir öllum júlí en verulega minna ágúst og september. Urriðagöngurnar haga sér með nokkuð öðrum hætti en laxagöngurnar. Urriðinn fer að ganga að einhverju marki eftir miðjan júlí og nær hámarki í byrjun september (27. mynd).

3.8. Hitafar 2009-2010

Birtar eru niðurstöður hitamælinga í Elliðaám við Toppstöðina í Elliðaárdal og voru samfelldar mælingar frá 3. nóvember 2009 til 19. nóvember 2010 (28. mynd). Á grafinu sést að Elliðaárnar eru yfir 10° C frá fyrri hluta maí og fram í byrjun september. Árvatni er svo undir 5°C frá byrjun október til loka apríl. Það er því stuttur tími sem hitastig er á milli 5 og 10°C bæði vor og haust.


4. Umræða

4.1. Elliðaár

Rannsóknir á fiskistofnum vatnakerfis Elliðaáanna hófust að marki árið 1988, þegar sett var niður gönguseiðagildra í árnar og árlegt mat á seiðabúskap hófst. Áður höfðu farið fram stakar rannsóknir á ákveðnum þáttum. Helst má þar nefna rannsóknir styrktar af þróunarsjóði Sameinuðu þjóðanna en þær stóðu yfir frá 1974-1976 og birtust í ritinu Íslenskar landbúnaðarrannsóknir (10. árg. (2) 1978). Einnig má nefna námsverkefni Finns Garðarssonar (1983) en þar kemur seiðamat með rafveiðum fyrst til sögunar í Elliðaám og gönguseiðarannsókn 1984-5 (Jón Kristjánsson 1987). Silungurinn í Elliðavatni hafði einnig verið kannaður áður (Sigurður Már Einarsson 1984, Guðni Guðbergsson 1988).

Til þess að sjá breytingar í ýmsum þáttum í lífsferli fiska eru langtíma rannsóknir mjög mikilvægar. Ef rannsóknir standa einungis í eitt til þrjú ár eins og oftast er, tapast mikilvægar upplýsingar um breytileika og menn hropa fremur að röngum ályktunum um þætti sem geta stafað af skammtíma atburðum. Í því hefur styrkur þessara rannsókna á lífríki Elliðaáa verið fólgin en þær spanna samfellt árabilið 1988-2010 eða 22 ár.

Orkuveita Reykjavíkur (þar áður Rafmagnsveita Reykjavíkur) hefur um áratuga skeið farið með umboð og ábyrgð á nýtingu Elliðaáanna. OR samdi árið 1988 við Veiðimálastofnun um að hefja rannsóknir á lífríki ána með áherslu á lax. Þær rannsóknir voru hugsaðar til lengri tíma. Eins og rakið er í inngangi fóru þessar rannsóknir fljótlega að skila því að varað var við miklu álagi á árnar frá þéttri byggð á vatnasviðinu (Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1992). Það reyndust áhrínisorð því nokkrum árum síðar kom tímabil þar sem laxastofn ána átti í vök að verjast. Stóð það tímabil í um 8 ár en stofninn fór að rétta úr kútnum eftir það. Talið var að orsakir þessarar niðursveiflu væru margháttaðar og var fjallað um þær í skýrslum rannsókna (t.d. Þórólfur



Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1998). Frá árinu 2005-2010 hefur verið bati í stofnstærð laxins, sérstaklega m.t.t. að hætt hefur verið sleppingum alinna gönguseiða í árnar síðustu þrjú árin og því stendur náttúruleg framleiðsla ein undir þeim laxafjölda sem í árnar gengu síðustu tvö árin.

Á liðnu sumri var heildarstofn lax í Elliðaám rétt tæpir 2.500 laxar. Af þessum löxum voru veiddir og teknir á land 863 laxar og því var hrygningarstofn árnar síðastliðið haust 1.633 laxar. Má því búast við því að laxinn hafi dreift sér vel um vatnakerfið til hrygningar, sem er forsenda þess að allt vatnakerfið nýtist til seiðauppeldis. Rannsóknir á seiðabúskap s.l. haust gefa einnig til kynna að hrygning sé nú á svæðum sem hafa notið lítillar hrygningar á niðursveiflu tímabilinu. Hluti af þeirri hrygningu er líklega vegna flutnings laxa á haustin frá Árbæjarstíflu upp í Hólmsá síðustu árin. Þá hafa bæst við uppeldissvæði síðasta áratug þar sem vatn er nú á V-kvísl ána og A-kvísl frá Árbæjarstíflu til rafstöðvar sem voru án vatns til ársins 1999. Loks má benda á það að endurheimtur úr sjó hafa verið góðar síðustu árin sem einnig hefur mikið að segja um stofnstærðina.

Það er því hægt að segja að staða laxastofnsins í Elliðaám standi betur en hann hefur gert lengi. Ástandið er samt brothætt og þarf að huga að öllum þáttum. Til dæmis hafa gönguseiði í Elliðaánum yngst verulega síðan niðursveiflutímabilið byrjaði 1996 (sjá 10. mynd). Því byggir hver gönguseiðahópur mest á einum árgangi, í stað þriggja árganga eins og var fyrir umrætt tímabil. Liggja til þess ástæður bæði frá umhverfisbreytingum og einnig minni þéttleika seiða, en hvort tveggja veldur meiri vaxtarhraða smáseiða og þar með yngri gönguseiðum. Líklegt er því að uppeldissvæði í Elliðaám myndi vel þola og/eða hafa gott af stærri hrygningarstofni.

Ekki líður svo ár að ekki sé farið fram með ýmsar framkvæmdir við Elliðaár. Nýleg dæmi eru: þverun Elliðaárósa með hjólreiðastíg, tvöföldun Suðurlandsvegur yfir Hólmsá og lögn á ljósleiðara um ósasvæði Elliðaáa. Hugmyndir hafa verið um slökkvistöð við Stekkjabakka, stórt hesthúsaðverfi í Víðidal og fótboltavöll við Árbæjarkvísl. Og í náinni framtíð, Sundabraut. Skipulagsyfirvöld Reykjavíkur hafa heitið allsherjarendurskoðun á skipulagsmálum Elliðaárdals með það að leiðarljósi að draga línur sittthvoru megin ána þar sem innan þeirra yrði ekki frekara rask, í og við árnar. Ekki bólar enn á þeirri vinnu þó liðin séu nokkur ár síðan heit voru um slíkt.

4.2. *Elliðavatn*

Líkt og með laxinn í Elliðaám, hefur verið fylgst með silungastofnum Elliðavatns frá 1987-2010. Helstu þættir sem fylgst er með eru afli á sóknareiningu af hvorri tegund (urriða og bleikju) sem gefur vísitölu á stofnstærð og hlutfallslega stöðu hvorrar tegundar fyrir sig. Tekin eru sýni sem gefa upplýsingar um aldur, kyn, kynþroska, lengdardreifingu, holdafar, sníkjudýr og fæðu. Árið 2000 voru rannsóknirnar teknar saman fyrir tímabilið 1987-1999 (Þórólfur Antonsson og Guðni Guðbergsson 2000). Er orðin ástæða til að líta með þeim augum á allt

tímabilið þar sem einn áratugur hefur bæst við gagnasafnið. Á hverju ári er þó gerð grein fyrir niðurstöðum þess árs eins og hér er gert í þessari skýrslu.

Þá má nefna rannsóknir á fisksjúkdómum sem gerðar hafa verið í samstarfi við fisksjúkdómadeild Keldna. Árið 2008 fannst fyrsta staðfesta tilfelli af PKD-sýki í Elliðavatni (Árni Kristmundsson ofl. 2010) og í tilraunaveiðunum 2009 var staðfest að smittíðni PKD-sýki er mjög há (97%) í 1-6 ára bleikju úr Elliðavatni og hlutfall bleikju með sjúkleg einkenni var 50-60%. Sjúkleg einkenni voru hæst hjá yngstu aldurshópunum. Tíðni sjúklegra einkenna í urriða var mun lægri eða um 12%. PKD-sýki orsakast af smásæju sníkjudýri (*Tetracapsuloides bryosalmonae*) sem veldur einkum sýkingum í nýrum fiska og getur valdið afföllum í náttúrulegum stofnum laxfiska (Sterud ofl 2007, Wahli ofl. 2007). PKD-sýki í fiskum er háð vatnshita og einkenna verður ekki vart fyrr en hitastig fer yfir 12-15°C. Því eru uppi tilgátur um að hér séu komnar skýringarbreytur á fækkun bleikjunnar í vatninu, þ.e. samspil hækkunar vatnshitans (Hilmar Malmquist ofl. 2009) og aukin sýking af völdum PKD-sýki (Árni Kristmundsson ofl. 2010).

Von var um að stofnstærð bleikjunnar væri að hjarna við sem birtist í því að hlutfall hennar af heildarveiði silungs var óvenju hátt árið 2009 eða 15%. Sú von varð að litlu þegar þetta hlutfall reyndist aftur undir 10% haustið 2010 eins og verið hafði árin 2004-2008 (sjá 14. mynd). Þetta er þó í samræmi við þá tilgátu að fyrrnefndur sjúkdómur geti herjað á yngri árganga bleikju en síðan verði þær sem lifa af ónæmar fyrir sjúkdómnum og sú bleikja geti lifað eðlilega eftir það. Flöt lengdardreifing bleikjunnar úr tilraunaveiðunum (sjá 18. mynd) gæti skýrst af þessu.

Á hinn bóginn hefur verið stöðugleiki í stofnstærð urriðans og þó einhver hluti hans sé sýktur virðist hann þola það betur en bleikjan. Þessar niðurstöður úr Elliðavatni eru þó í ósamræmi við það að sýni af urriða- og laxaseiðum í Elliðaám rétt neðan vatnsins sýna að þar er sýking af völdum PKD-sýki mun algengari í urriðaseiðum heldur en laxaseiðum, sérstaklega þegar um er að ræða stórsæ einkenni (Árni Kristmundsson munnlegar upplýsingar). Enn er því mikið verk óunnið í því að kanna áhrif þessa sjúkdóms á laxfiska.

5. Þakkarorð

